

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2016

2018/EES/16/29

frá 8. júlí 2016

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf þeirra sem eiga aðild að EES-samningnum þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240 frá 25. nóvember 2015 um að koma á fót áætlun um rekstrarsamhæfisláusnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-áætlunin) sem leið til að nútímavæða hið opinbera ⁽¹⁾.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2016 að telja.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Ákvæði 17. gr. (Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana) bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr.:

„EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 2016, taka þátt í þeim verkefnum og þeirri starfsemi í tengslum við áætlun Sambandsins sem um getur í d-lið 6. mgr.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 5. mgr.:

„5a. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlunina, sem um getur í d-lið 6. mgr., taka fullan þátt, án atkvæðisréttar, í starfsemi nefndar um rekstrarsamhæfisláusnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-nefndin), sem aðstoðar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við framkvæmd, stjórnun og mótun þeirrar áætlunar.“

3. Eftirfarandi bætist við í 6. mgr.:

„d) með tilliti til þátttöku frá 1. janúar 2016:

- **32015 D 2240:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240 frá 25. nóvember 2015 um að koma á fót áætlun um rekstrarsamhæfisláusnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-áætlunin) sem leið til að nútímavæða hið opinbera (Stjútíð. ESB L 318, 4.12.2015, bls. 1).

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa hvorki að taka þátt í áætluninni né að veita fjárframlög til hennar.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst ^(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2016 að telja.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 318, 4.12.2015, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.